

Ár 2002, fimmtudaginn 31. október 2002 er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Olympíusambands Íslands haldið af Gunnari Guðmundssyni

Fyrir er tekið:
Mál nr. 6/2002
Skotíþróttafélag Hafnarfjarðar
gegn
Skotíþróttasambandi
Íslands

Upp er kveðinn svohljóðandi

DÓMUR

I.

Mál þetta var kært til dómstólsins af hálfu Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar (SÍH) kt. 510588-2159 þann 9. ágúst s.l. Hinn kærði aðili er stjórn Skotíþróttasambands Íslands (STÍ) kt. 470483-1139 og af gögnum verður ráðið að kærði krefst ógildingar á synjun stjórnarinnar að staðfesta Íslandsmet í Skeet sem Ellert Aðalsteinsson sló á úrtökumóti Skotíþróttasambandsins 30. júní 2001 og dæmt verði að umræddur árangur hans verði viðurkenndur sem Íslandsmet í Skeet.

Hinn kærði aðili, stjórn Skotíþróttasambands Íslands (SKÍ), gerir ekki kröfu um frávisun þrátt fyrir að kærufrestur sé útrunninn og óskar eftir því að málið verði tekið til efnislegrar meðferðar.

Þess er ennfremur krafist að dómstóll ÍSÍ staðfesti ákvörðun stjórnar STÍ um að staðfesta ekki árangur Ellerts Aðalsteinssonar í Skeet þann 30. júní 2001 sem Íslandsmet.

II.

Samkvæmt kærubréfi kveður kærandi málsatvik vera eftirfarandi: “

- STÍ hélt úrtökumót í SKETT 30. júní 2001 til að velja þátttakendur á Evrópumeistaramót í SKEET 2001.
- Mótið er haldið á vegum STÍ og öll framkvæmdin var á þess vegum.
- Mótið var haldið á keppnisvelli Skotíþróttafélags Hafnarfjarðar að Iðavöllum.
- Formaður STÍ var mótstjóri og fulltrúi STÍ á mótinu.
- Formaður STÍ kynnti við setningu mótsins að mótið sé viðurkennt af STÍ og gildi eins og landsmót að því undanskyldu að það telji ekki stig til bikarmeistara.
- Stjórn SÍH gengur eftir því að fá metið viðurkennt af stjórn STÍ eins og reglur gera ráð fyrir, en fær ekki svar. (óskin var sent með tölvupósti)
- Stjórn SÍH ítrekar ósk sína í tvígang (með tölvupósti) En ekkert svar barst.
- Stjórn SÍH sendir stjórn STÍ sama erindi í ábyrgðarpósti dags 16.04.02 án þess að fá svar.
- Guðmndur Gíslason stjórnarmaður STÍ sendir athugasemd til undirritaðs með

tölvupósti um miðjan júlí 2002 um að kynning á meti Ellerts á heimasíðu félagsins sé röng.

- Undirritaður sendir tölvupóst til baka á Guðmund Gíslason og gerir honum grein fyrir gangi mála. Í framhaldi af því kemur bréf dags. 28.05.02 (sjá meðfylgjandi afrit) með tölvupósti frá fyrrverandi varaformanni STÍ. Eins og sjá má er bréfið ekki á bréfsefni Skotíþróttambandsins, ekki stílað á réttan aðila og ekki undirritað.

Eins og fram kemur í bréfinu var það eitt af síðustu verkum fráfarandi stjórnar að hafna meti Ellerts, tæpu ári eftir að það var slegið. Rök höfnunarinnar voru þau að mótið hafi verið utan mótaskrár STÍ (var ekki í reglum um Íslandsmet á þeim tíma) og hafi ekki verið samþykkt af stjórn STÍ sem er þvert á orð formanns og fulltrúa STÍ á mótinu. Vert er að vekja athygli á að í bréfinu er vitnað í tilvik þar sem mót var gilt þrátt fyrir að vera utan mótaskrár STÍ þannig að fordæmið er fyrir hendi.

Málsástæður til stuðnings kröfum sínum telur kærandi vera eftirfarandi:

- Formaður og fulltrúi STÍ á mótinu tilkynnti sérstaklega að mótið gildi til meta og flokka eins og um landsmót væri að ræða að undanskildum stigum til bikarmeistara. Allir viðstaddir mótsetningu voru vitni af ummælunum og þar á meðal var undirritaður og Kári Grétarsson 110560-7379
- Stjórn STÍ getur gert undantekningar frá Móta og keppnisreglum samanber 3.gr. B svo framalega sem það komi ekki niður á árangri keppenda.
- Mótið var líklega eitt það sterkasta sem haldið var á árinu 2001 þar sem allir sterkustu skotmenn landsins kepptu um þátttökurétt á Evrópumeistaramóti.
- Því var lýst yfir í lok mótsins að Ellert væri nýr Íslandsmethafi af formanni STÍ.
- Rúmlega ár líður frá því að metið er slegið og þar til svar um höfnun berst við kröfu um staðfestingu. (Þess má geta að á þeim tíma hafði Ellert meðal annars verið heiðraður af Hafnarfjarðarbæ fyrir árangur sinn.)
- Engin kæra barst vegna mótsins.”

III.

Fráfarandi stjórn STÍ hafnaði að undangenginni atkvæðagreiðslu beiðni SÍH um staðfestingu á meti Ellerts frá umræddu móti.

Fosendur þeirrar ákvörðunar eru eftirfarandi:

“Skv. 1. gr reglugerðar STÍ um staðfestingu Íslandsmeta segir:

“Öll lands, Íslands, bikar og flokkamót sem haldin eru héraðs og löglega er staðið að skv lögum STÍ og ISSF ásamt mótum sem haldin eru erlendis af skotsamböndum innan ISSF eru gild til viðurkenningar á Íslandsmetum.”

Umrætt mót fór fram á einum degi í stað tveggja en í reglum alþjóðasambandsins ISSF segir um keppni í skeet:

T.S.A.9.6.0.1.1 (frá 1. jan 2001)

“The event consists of 125 targets for ISSF championships shot in 5 (five) rounds of 25 targets each. They may be shot in two days only with 75 + 50 targets”

Hér er um grundvallareglu að ræða enda almennt talið mun aðveldara að ná góðum árangri þegar keppni fer fram á einum degi. Þetta atriði eitt og sér veldur því að ekki er hægt að staðfesta metið.

SÍH vitnar í móta og keppnisreglur 3 gr. B varðandi undantekningar frá reglum ISSF. Skírt er að þetta ákvæði á aðeins við um aðstöðu en ekki aðrar reglur og getur því ekki átt við um það hvort keppt er á einum degi eða tveimur.

Þeirri vinnureglu hefur verið fylgt að félög sem hyggja á mótahald utan mótaskrár STÍ sækja um það fyrirfram að mót séu gild til meta og flokka. Litið hefur verið svo á að heimila beri slíkt ef skilyrði 3. gr reglugerðar um staðfestingu Íslandsmeta eru uppfyllt. Ekki liggur fyrir að sótt hafi verið um slíka viðurkenningu hjá stjórn STÍ fyrir umrætt mót og ljóst er að stjórnin fjallaði ekki um málið og nokkuð ljóst að mótið hefði ekki verið samþykkt vegna grundvallarreglunnar um tvo keppnisdaga

Þáverandi stjórn hafði enga vitneskju um mótahaldið fyrr en eftir að því lauk og er helst að sjá að fráfarandi formaður hafi ákveðið í samráði við þjálfara að halda úrtökumót þar sem völdum einstaklingum var boðin þátttaka. Mótaskýrsla fyrir mótið hefur ekki borist STÍ enn þann dag í dag. Mótið var því ekki haldið á vegum STÍ heldur var þarna um að ræða mót sem haldið var til að hjálpa til við val á keppendum á Evrópumóti.

Ekki er um það deilt að fráfarandi formaður tilkynnti að mótið væri gilt sem um landsmót væri að ræða sem og það að hann tilkynnti í lok móts að Íslandsmet hafi verið sett. Hann hafði hinsvegar ekki umboð stjórnar til að lýsa þessu yfir og verður þessi yfirlýsing að teljast alfarið á hans ábyrgð.

Þá er einnig ljóst að óhóflegur dráttur varð á því að málið væri afgreitt frá stjórninni. Þáverandi formaður frestaði ítrekað afgreiðslu á málinu og varð það ekki afgreitt fyrr en á síðasta fundi stjórnarinnar og þá að kröfu meirihluta gegn vilja formanns sem vildi enn fresta málinu. “

IV.

Kærandi hefur eftirfarandi afhugasemdir fram að færa við greinargerð SKÍ:

“Í greinargerð STÍ dagsettri 27.09.02 eru í meginatriðum komið með ný rök fyrir ógildingunni á Íslandsmeti Ellert Aðalsteinssonar en þau sem voru notuð til ógildingarinnar í upphafi og koma fram í bréfi frá STÍ dags: 28.05.02. (sjá fylgiskjal nr.1, sem barst stjórn SÍH 7. ágúst 2002)

Þetta teljum við sýna á augljósan hátt hversu ósannfærandi ógildingin var á sýnum tíma.

Okkur sýnist rök stjórnar STÍ að þessu sinni vera fjórþætt, það er:

1. Að 1.gr. reglugerðar STÍ um staðfestingu Íslandsmeta hafi ekki verið fullnægt.
2. Að grein T.S.A.9.6.1.1 í reglum alþjóðaskotsambandsins ISSF hafi verið brotin.
3. Að félagið sem hélt mótið hafi ekki sótt um viðurkenningu á að árangur í mótinu gildi til meta og flokka samanber 3.gr. reglugerðar um staðfestingu

Íslandsmeta.

4. Að mótaskýrsla vegna mótsins hafi ekki borist til STÍ

Í ljósi þess hver stóð fyrir þessu móti, hvernig að því var staðið og hvernig staðið hefur verið að öðrum mótum þar sem met hafa verið slegin og viðurkennd, teljum við að þessi rök séu langt frá því gefa nokkra ástæðu til að ógilda hið glæsilega Íslandsmet Ellerts Aðalsteinssonar.

Því til staðfestingar viljum að eftirfarandi atriði komi fram sem við teljum sýna að met Ellerts er síst minna virði en önnur slík í þessari grein og að það væri mikið óréttlæti að láta það bitna á framúrskarandi árangri íþróttamannsins þótt stjórnleysi og óeining ríki innan stjórnar STÍ.

Eftirtaldir upplýsingar og rök tengjast rökum STÍ í sömu númeraröð og þau eru talin hér að ofan.

1. Yfirlýsing formanns STÍ við setningu mótsins hlýtur að jafngilda yfirlýsingu stjórnar STÍ um að mótið sé gilt til meta og flokka. Hvorki aðildarfélög né einstakir íþróttamenn geta rengt, né fengið staðfest sannleiksgildi slíkar yfirlýsingar hvort heldur þær eru munnlegar eða skriflegar. Ef svo er ekki, verðum einnig að efast um að stjórn STÍ standi að baki bréfi dags. 28.05.02 um ógildingu STÍ á Íslandsmetinu þrátt fyrir undirskrift varaformanns fráfarandi stjórnar STÍ og nú greinagerðar STÍ undirritaðri af formanni STÍ.
2. Mótið fór fram á einum degi, en það gerði líka mótið sem haldið var 24. júlí 1999 (sjá fylgisskjal nr.2) þar sem Alfreð Karl Alfreðsson setti núgildandi Íslandsmet. (sjá fylgisskjal nr.3).
Að því sem við best getum séð þá var mótið sem Víglundar Jónssonar setti Íslandsmet 1997, einnig skotið á einum degi.
Regla ISSF sem STÍ vitnar í er ekki ný af nálinni og breyttist ekki 1. jan 2001, þessi regla er orðrétt eins í reglum frá 1. jan 1993 en þá sem grein 7.1.1.
Þessi túlkun að ekki megi keppa nema á tveim dögum stenst því ekki.
Okkar ágæti dómari Ívar Erlendsson túlkar þessa reglu á þann hátt að keppni megi fara fram á tveimur dögum en þá verði að skjóta 75 dúfur fyrri daginn og 50 þann seinni en ekki öfugt.
Þess má geta að heimsmeistaramótið 2002 sem haldið var í Finnlandi og okkar ágæti Ellert Aðalsteinsson tók þátt í fyrir Íslands hönd, var skotið á þremur dögum.
3. Rökin, að þeirri vinnureglu hafi verið fylgt hingað til að félög sem hyggja á mótahald utan mótaskrár STÍ sækji um viðurkenningu þeirra til meta fyrirfram á ekki við í þessu tilviki þar sem mótið var alfarið skipulagt og haldið á vegum STÍ og ekkert félag koma þar nærri.
Einu afskipti SÍH eða annarra félaga var að STÍ leigði keppnisvöllinn af SÍH. Mörg fordæmi eru fyrir úrtökumótum sem þessu þar sem allir sterkustu skotmenn landsins er sérstaklega hvattir til þátttöku og verður því ef eitthvað er að teljast sterkara en ella.
Við endurtökum að það getur ekki verið að einstakir íþróttamenn eða íþróttafélög eigi að líða fyrir ef óskipulag er á fundum, samþykktum eða umhaldi fundagerða hjá STÍ.
Ef ekki er hægt að treysta orðum formans í tilvikum sem þessum er ekki heldur hægt að treysta undirskrift hans þótt það sé á bréfsefni sambandsins og

verður þá meirihluti stjórnar að undirrita bréf og mæta á samkomur til að mark sé á takandi.

4. Hér eiga við sömu rök og koma fram í lið 1 og 3, það getur ekki átt að skaða íþróttina íþróttafélögin eða einstaka íþróttamenn þó þeirra eigin mótaskýrsla hafi ekki verið tekin fyrir í stjórn STÍ vegna óreiðu á eigin vinnulagi.

Þess má að lokum geta að frá því að metið var slegið var leitast við að fá metið viðurkennt og var ítrekað sendur tölvupóstur og síðar ábyrgðarbréf án þess að svar bærisk. Það var síðan ekki fyrr en 7. ágúst 2002 rúmlega ári eftir að metið var slegið að félaginu barst svar í óundirrituðum tölvupósti (sjá fylgisskjal nr.1) sem síðan leiddi til þessarar kærú.

V.

Niðurstaða.

Dómurinn skoðaði fyrst hvort vísa bæri málinu frá vegna þess að kærufrestur væri út runninn. Þar sem málið er sértaks eðlis og báðir aðilar eru um það sammála fellst dómurinn á að það þjóni lögvörðum hagsmunum beggja að taka málið til efnislegrar úrlausnar, enda hefur dómstóllinn nokkuð víðtækar heimildir varðandi kærufresti.

Varðandi aðdraganda mótsins, sem haldið var þann 30. júní 2002, ber að skoða framburð fyrrverandi stjórnarmanns, Einars Páls Garðarssonar, en hann segir að mótið hafi verið ákveðið samkvæmt beiðni þáverandi landsliðsþjálfara. Af því verður ráðið, auk annarra upplýsinga, m.a. um frumkvæði formanns sambandsins og mótsstjórn sem fram hefur komið í málinu, að mótið hafi verið á vegum og á ábyrgð Skotíþróttasambands Íslands en ekki á vegum félags innan þess eða einstaklings innan stjórnar sambandsins. Þrátt fyrir að fyrirvarinn hafi verið stuttur við boðun þess telst auglýsing þess uppfylla ákvæði 4. greinar þágildandi móta- og keppnisreglna Skotíþróttasambands Íslands. Miðað við fjölda keppenda og félaga virðist framangreint mót ennfremur geta fallið undir skilgreiningu um mót í 1. grein reglugerðar Skotíþróttasambands Íslands um staðfestingu Íslandsmeta, enda virðist hér um landsmót að ræða, en skv. A-lið 1. greinar áðurnefndra móta- og keppnisreglna sambandsins telst það mót landsmót “þar sem fleiri en einn keppandi taka þátt frá ýmsum félögum og er opið áhugamönnum úr öllum félögum.”

Ber því næst að skoða túlkun á orðalagi í grein 9.6.0.1.1. í reglum Alþjóðaskotíþróttasambandsins. Ekki liggur fyrir hjá Skotíþróttasambandi Íslands íslensk þýðing á framangreindum reglum. Verður að fallast á þá skýringu að með orðinu “may” sé verið að veita undir ákveðnum kringumstæðum heimild til þess að skjóta 125 skotum á tveimur dögum í stað eins dags. Hefur dómari jafnframt leitað álits löggilts skjalapýðanda á þýðingu orðsins “may” í fyrrnefndu ákvæði. Er hann sammála framangreindri túlkun. Samkvæmt orðanna hljóðan er því hér um heimildarákvæði að ræða og verður að telja það eins dags mót sem haldið var þann 30. júní 2001 löglegt mót sem brýtur hvorki í bága við innlendar reglur né reglur Alþjóðaskotíþróttasambandsins. Hefðu orðin “shall” eða “must” verið notuð í enska lagatextanum í stað orðsins “may” hefði enginn vafi leikið á því að einungis væri heimilt að láta mótið fara fram á tveimur dögum. Áralöng framkvæmd þessara móta hér á landi samkvæmt óbreyttu orðalagi alþjóðlegra keppnisreglna styður einnig þessa túlkun.

Verður því að telja að synjun stjórnar Skotíþróttasambands Íslands að staðfesta Íslandsmet Ellerts Aðalsteinssonar hafi ekki verið byggt á lagalegum grunni og ber að ógilda þá synjun stjórnarinnar og beri henni að staðfesta Íslandsmet Ellerts í Skeet, sem hann setti á framangreindu móti þann 30. júní 2001.

Dóm þennan kveður upp Gunnar Guðmundson dómsforseti í Dómstól ÍSÍ. Dómur þessi er sendur skrifstofu ÍSÍ með símbréfi og tölvupósti, en starfsmenn skrifstofunnar munu annast lögformlega birtingu dómsins gagnvart málsaðilum.

DÓMSORÐ:

Ógilt er ákvörðun stjórnar Skotíþróttasambands Íslands að synja staðfestingar á Íslandsmeti í Skeet sem Ellert Aðalsteinsson setti á móti Skotíþróttasambandsins sem haldið var þann 30. júní 2001 og ber stjórn Skotíþróttasambands Íslands að staðfesta umræddan árangur sem Íslandsmet á næsta fundi hennar.

Gunnar Guðmundsson